

Alþingi
Erindi nr. P 143/847
komudagur 15.1.2014

Alþingi

Allsherjar- og menntamálanefnd

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um seinkun klukkunnar og bjartari morgna (197. mál).

Í næstum hálfra öld eða frá 1968 höfum við Íslendingar búið við þær öfundsverðu aðstæður að sleppa því að hringla í klukkunni. Hefur það alla tíð verið sérstakt fagnaðarefni á Veðurstofunni enda er klukkan hér á landi ávallt hin sama og hinn alþjóðlegi veðurtími er miðaður við, þ.e. GMT. Af þessu hefur verið verulegt hagræði og mér er ekki kunnugt um að neinir hér á landi hafi af því óhagræði að vera með fastan SUMARTÍMA allt árið. Hins vegar hef ég hitt fjölda erlendra manna sem þykir vera einkar snjallt hjá okkur Íslendingum að hafa fastan staðaltíma enda klukkuhringlið arfleifð frá fyrri heimsstyrjöldinni þegar menn vildu spara kol með því að lengja birtutímann fram á kvöldið. Raunar er fyrsta hugmynd um sumartíma komin frá nýsjálenskum skordýrafræðingi sem vildi fá lengri bjartan tíma eftir vinnu til að skoða skjólstaðinga sína.

Vel þekkt er að miserfitt er fyrir fólk að vakna á morgnana og að þeir sem búa á norðlægum slóðum séu „þyngri“ á veturna vegna hins stutta birtutíma sem þessari búsetu fylgir. Hins vegar hefur undirritaður aldrei séð nein rök fyrir því að þunglyndi eða skammdegisslen sé háð því hvað klukkan er þegar sólin er í suðri. Á Vesturlandi er það um kl. 13:30 en á Austurlandi um kl. 13 og skv. kenningu um samband hádegisklukkan og skammdegisþyngsla ætti að vera mun léttara yfir þeim fyrir austan en t.d. á Snæfellsnesi eða Vestfjörðum.

Á milli austurhluta Póllands og vestasta hluta Frakklands (Bretagne) eru nærri 30 lengdargráður sem jafngildir tæplega tveggja klukkustunda mun á sólarupprás. Á þessum svæðum eins og hjá mestum hluta íbúa meginlands Evrópu er þó klukkan ávallt hið sama. Menn breyta klukkunni bæði á vori og hausti en alltaf er sólarupprásin og þá einnig hádegisdagur um tveimur klst. fyrir í Póllandi en Bretagne. Fróðlegt væri að vita hvort gedræn vanlíðan er meiri á síðarnefnda svæðinu og ef svo er hvort það hafi verið tengt sólarganginum.

Mjög skiptar skoðanir og tilfinningar eru meðal manna í þessu máli eins og best sést á því að á Bifröst í Borgarfirði vilja menn hafa hádegi um kl. 14:30 meðan umrædd þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir að það verði þar um kl. 12:30. Undirritaður leggur því til að farið verði bil beggja og breyta alls ekki því fyrirkomulagi sem gefist hefur vel. Telji menn nauðsynlegt að taka tillit til þess hversu seint birtir á morgnana að vetrarlagi mætti vel hugsa sér að breyta almennum skóla- og vinnutíma, sérstaklega frá nóvember til febrúar. Ekkert bendir til þess að þjóðin eigi sér bjartari framtíð með því að flytja hádegið til í tíma. Því er lagt til að Alþingi felli tillöguna eða vísi henni frá.

Virðingarfyllt

Magnús Jónsson

fv. veðurstofustjóri